


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:HJS		
Síða 1 af 4		
Áfangasæti ÍSLE1LB04		
Námsáætlun – vorönn 2016		

Kennari	Sunna Hlín Jóhannesdóttir og Ásbjörg Benediktsdóttir	Sk.st.	SUN og ÁBE
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing: Í þessum áfanga verða helstu undirstöðuatriði stafsetningar og málfræði, ritunar og framsagnar rifjuð upp. Auk þess verður farið í helstu grunnhugtök í bragfræði, stílbrögðum og myndmáli ljóða. Unnið verður markvisst að því að bæta læsi nemenda í viðum skilningi, auka lesskilning og lestrarhraða með lestri ýmiss konar texta, m.a. skáldsögu. Ritun verður æfð með markvissum hætti og farið í undirstöðuatriði í byggingu ritsmíða. Nemendur verða þjálfaðir í að nýta sér hjálpargögn s.s. yfirlstrarforrit og orðabækur/tölvuorðabækur til að bæta og lagfæra eigin texta. Verkefni verða fjölbreytt og reyna á mismunandi hæfni nemenda, s.s. sköpunarhæfni. Nemendur vinna og kynna verkefni sín ýmist einir og/eða með öðrum.

Markmið:

Þekkingarmarkmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum í stafsetningu
- helstu reglum í tengslum við ritun
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- grunnhugtökum í ljóðagreiningu
- grunnatriðum málfræðinnar
- mikilvægum atriðum sem einkenna góða framsögn og umræður
- notkun hjálpargagna
- mikilvægi þess að geta heimilda
- mikilvægi þess að búa að góðri lestrarfærni, t.d. góðum lestrarhraða, lesskilningi og úthaldi við lestur


Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina dægurlagatexta og hefðbundin ljóð með tilliti til myndmáls, stílbragða og bragfræði
- lesa sér til gagns og gamans skáld- og smásögur og greina inntak þeirra
- skrifa mismunandi gerðir texta
- tjá sig munnlega og skriflega
- taka aðalatriði úr texta og átta sig á meginefni hans
- beita viðeigandi hjálpargögnum við frágang ritsmíða
- vinna fjölbreytt verkefni þar sem reynir m.a. á sköpun og frumkvæði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Áfangiheiti ÍSLE1LB04 Námsáætlun – vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:HJS		
Síða 2 af 4		

- fjalla um inntak skáld- og smásagna
- lesa og túlka texta þótt merkingin liggir ekki á yfirborðinu
- greina einföld atriði í málfræði og stafsetningu
- nýta sér helstu ritreglur til að bæta eigin ritfærni
- auka leshraða og dýpka lesskilning sinn
- kynna og ræða eigin efni og annarra
- vinna skapandi verkefni, t.d. í tengslum við vinnu með texta
- nota viðeigandi hjálpargögn við frágang eigin texta

Tegund	Námshöggn
fjölrit	<p><i>ÍSLE1LB05 Les- og vinnuhefti. Ljósritað hefti sem fæst á skrifstofu skólans</i></p> <p>Gagnvirkar síður á heimasíðu Námsgagnastofnunar (nams.is)</p> <p><i>Strákarnir með strípurnar</i> eftir Ingibjörgu Reynisdóttur og Lovísu Rós Þórðardóttur. 2007.</p>

Áætlun um yfirferð:


Vika	Námshfni (bóklegur hluti)	Verkefni
1 6.1. – 8.1.	Kynning á áfanganum, hópefli og staða nemenda könnuð.	Ritun: Kynning á sjálfum sér
2 11.1.- 15.1.	Málsgreinar, setningar og greinamerkjasetning. Bein og óbein ræða. Nemendur taka viðtöl við ömmu og/eða afa eða foreldra um leikföng í æsku þeirra.	Ýmis æfingaverkefni í möppu. Viðtal
3-4 18.1.- 29.1.	Bygging efnisgreina. Stór og lítill stafur. Skrifaðir nokkrir stuttir textar til að æfa uppbyggingu texta og nemendur vinna útdrátt úr frétt (u.þ.b. ein efnisgrein).	Ýmis æfingaverkefni í gerð efnisgreina og útdrátt, fara í möppu.
5-6 1.2.- 12.2.	Bygging texta, ýmis æfingaverkefni. Sýnd kvikmynd og skrifuð kvikmyndagagnrýni. Nemendur hefja lestur skáldsögunnar <i>Strákarnir með strípurnar</i> eftir Ingibjörgu Reynisdóttur og Lovísu Rós Þórðardóttur.	Kvikmyndagagnrýni Nemendur kynna kvikmyndagagnrýni. (8%)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:HJS		
Síða 3 af 4	Áfangaheiti ÍSLE1LB04 Námsáætlun – vorönn 2016	

7-8 15.2.- 26.2.	Stafsetning: Farið í helstu stafsetningarreglur (n/nn, y-reglur, um j, -ng/-nk, stofn) og nemendur fara yfir eigin verkefni og annarra með þessar reglur í huga.	Ýmis æfingaverkefni Miðannarverkefni í ritun og stafsetningu (12%)
9-10 29.2.- 11.2.	Bókmenntahugtök og smásögur. Rauðhetta eftir Eirík Brynjólfsson og Kveldúlfs þáttur kjörbúðar eftir Einar Kárason lesnar og bókmenntahugtök æfð á þeim.	Verkefni við smásögur
11 14.3.- 18.3.	Strákarnir með strípurnar. Farið í efni sögunnar og bókmenntahugtök mátuð við hana.	Krossapróf (4%) og verkefni (8%)
13 29.3.- 1.4.	Horfum á kvikmyndina Órói og vinnum verkefnum upp úr henni.	Verkefni úr Óróa, í möppu.
14 4.4.- 8.4.	Stafsetning. Reglur frá 2., 3. og 7- 8. viku rifjaðar upp og þeim beitt á eigin verkefni og annarra.	Ýmis æfingaverkefni, í möppu. Skila vinnumöppu (20%).
15 11.4.- 15.4.	Bragfræði ljóða. Ýmis æfingaverkefni unnin.	Verkefni í ljósrituðu hefti.
16 18.4.- 22.4.	Farið í myndmál og hugtökin æfð á ljóðum, dægurlagatextum og sögutextum.	Verkefni í ljósrituðu hefti.
17-18 25.4.- 6.5.	Farið í stílbrögð ljóða og texta. Hugtökin æfð á textum af ýmsu tagi. Upprifjun fyrir próf	Ljóðaverkefni (8%)

Námsmat

Vinumappa	20%	Einstaklingsverkefni
Kynning	8%	Paraverkefni
Miðannarverkefni	12%	Paraverkefni
Strákarnir með strípurnar:		
- Krossapróf	4%	Einstaklingsverkefni
- Verkefni	8%	Hópverkefni
Ljóðaverkefni	8%	Paraverkefni, með gögnum
Lokapróf	40%	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Áfangageiti ÍSLE1LB04 Námsáætlun – vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:HJS		
Síða 4 af 4		

Þessi námsáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur verkefnaskil annarinnar skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann rétt til upptökuprófs. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Dagsetning: 8/1 2016

Asbjörg Benediktssd.
Undirritun kennara

Anna Lísa Haraldsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils